



Fornleifa- og minjaskráning fyrir deiliskipulag
frístundabyggðar

í landi Víðimels

við Varmahlíð



Víðömelur er sunnan við Lund, Varmahlíð

Katrín Gunnarsdóttir

2001/6

Víðimelur
5700 Skagafjörður
B 146083
Staður Víðimelur
Núv. sv. Skagafjörður
Sv. 1970 Seyluhreppur
Sókn 1998 Víðimýrarsókn
11 fornleifar skráðar.

Efnisyfirlit	
Formáli	2
Stutt sögulegt ágríp.	3
Niðurstöður	9
Samantekt:	10

Formáli

Fornleifaskráning var gerð í landi Víðimels í maí 2001.

Skráningin er gerð vegna samþykks deiluskipulags frístundabyggðar frá 2001.

Fornleifaskráning hefur ekki verið gerð á svæðinu áður.

Skráðar voru þær fornleifar sem eru en sjáanlegar í landinu, ásamt öðrum stöðum sem vottneskja er um minjar sem eiga heima í skrá þessar, skráðar voru samtals 11 fornminjar.

Alls voru gerðir 3 uppdrættir og eru þeir í þessari skýrslu og teknar 21 ljósmyndir í lit, og fylgjaí þessari skýrslu, hinar eru varðveittar á Byggðasafni Skagfirðinga Glaumbæ.

Svæðið sem fornleifaskráningin fór fram á nær að gamla þjóðveginum sem liggur að Húseyjarkvísl að norðan, að Húseyjarkvísl að austan, að merkjum Álftagerðis að sunnan, og að þjóðveginum neðan Víðimels að vestan.

Við skráninguna var stuðst við: Ritaðar heimildir. Landmælingar ríkisins, loftmynd 1: 3000, frá 1991. Deiliskipulags uppdráttar af frístunadabyggð í landi Víðimels, teiknað af Pétri Jónssyni skipulagsfræðingi og arkitekt, samþykkt í skipulagsnefnd Skagafjarðar 2001

Viðtal og leiðsögn Rósmundar G. Ingvarssonar f. 1930, og er honum þökkun veitt aðstoð.

Viðtal og margvísleg aðstoð frá Hjalta Pálssyni, ritara Byggðasögu Skagfirðinga
Skráninguna vann Katrín Gunnarsdóttir fornleifafræðingur, Byggðasafni Skagfirðinga Glaumbæ.

Stutt sögulegt ágríp.

Víðimelur er nýbýli er landi Víðimýrar, til nýbýlisins var stofnað árið 1943, en það var samþykkt 1948.

Land Víðimels liggur á milli Húseyjarkvíslar að austan og Víðmýrarár að austan. Sunnan við eru lönd álftagerðis og Víðimýrar og einnig nær það að túnum Víðiholts og Víðidals. Norðan við eru lönd Reykjarhóls, sem áður voru, en austan til er Brekkupartur á milli. Neðri hlutinn af Brekkupartí tilheyrir nú Hofi sem er nýbýli. Land Víðimels er þannig að sunnan og vestan við Brekkupartinn. Árið 1980 var Seyluhreppi selt stykki úr landi Víðimels, og er það vestan við Brekkupart.

Land Víðimels er mesta allt grasi gróið og mishæðalítið, vestan til er það hallalítið, en austan til hllar nokkuð til austurs, niður að Húseyjarkvísl. Innan vébanda þess er mikil hluti votlendis þess sem líklega hefur heitið Víðmýri.

Í skýrslu Fasteignamatsefnadar Skagafjarðarsýslu 1964 segir: Jarðvegur túnsins grunnur- holta og melajörð talsverð kalhættaVéslægir bakkar ábornir meðfram Húseyjarkvísl, 900 hesta land gott kýrhey. Mikið beitoland samfelldt graslendi gróðurrikt framræstar mýrar meirihluti túnsins. Tún 1/1 1964 11,41 ha, vélsægt -:- 3 ha. Veiðiréttur í Húseyjarkvísl. Túnastærð 1985 8 ha.

Heimild: Örnefnaskrá, Víðimelur: Rósmundur G. Inngvarsson, mars 1998

1

Tegund minja:	Brunnur
Hlutverk:	Brunnur
Landareign:	Víðimelur
Lega:	N: 65°53935 V: 19°25004
Staðhættir:	Í brekkunni neðan frá Víðimel
Lýsing:	Brunnurinn er steiptur hringlaga, 3.5 m í þvermál, Hæð um 2 m.
Aðara upplýsingar:	Brunnur þessi var notaður til að safna vatni fyrir Löngumýri og bæina í Hólminum, vatnið úr honum var leitt í leiðslum þangað, það sést móta fyrir leiðslunni í norð-austur í átt að Löngumýri. Brunnurinn var byggður eftir 1950
Hættumat:	Brunnurinn lendir á lóð 4, í fyrsta áfanga
Heimild:	Viðtal við Hjalta Pálsson í júní 2001 Viðtal við Rósmund G. Inngvarsson í maí 2001

2

Tegund minja:	Brúarstöpull
Hlutverk:	Brúarstöpull
Landareign:	Víðimelur
Sérheiti:	Húseyjarkvíslarbrú/horfin
Lega:	N: 65°33135 V: 19°26076

Staðhættir: Eftir gamla veginum að Húseyjarkvísl.
Lýsing: Ekkert sést af brúnni sem þarna var, en eftir standa brúarstöpplar sitt hvorum megin árinna. Brúarstöpulinn er steypdur. Breiddin um 4 m. hæð um 4 m, og veggjaþykkt um 0.5 m
Aðara upplýsingar: Í Skagfirzku annál, 1847-1947, segir að í júlí 1928 hafi járngrindarbrú með steypum stöplum, 28 m löng og verið sett á Húseyjarkvísl
Hættumat: Engin hætt af deiliskipulagðri frístunabyggð
Heimild: Skagfirzku annál 1847-1947, Seinna bindi, bls. 442, Kristmundur Bjarnason: Mál og mynd í samvinnu við Sögufélag Skagfirðinga 1998

3
Tegund minja: **Garður**
Hlutverk: Vörslugarður
Landareign: Víðimelur
Lega: N: 65°33042 V: 19°25868
Staðhættir: Gengt bænum Húsey, á tanga sem er á ánni, sem heitir Nátthagi
Lýsing: Garðurinn er mjög óljós, og allt að því horfinn
Aðara upplýsingar: Garðurinn hefur verið hlaðin þvert yfir tangann sem heitir Nátthagi
Hættumat: Garðurinn er allt að því horfinn, og er ekki í hættu vegna fyrirhugaðrar sumarbústaðarbyggðar
Heimild: Örnefnaskrá, Víðimelur: Rósmundur G. Inngvarsson, mars 1998

4
Tegund minja: **Náttúruminjar**
Hlutverk: Landamerkjasteinn
Landareign: Víðimelur
Sérheiti: Merkjasteinn
Lega: N: 65°33066 V: 19°26352
Staðhættir: Neðan við hestarétt um 150 m í austur
Lýsing: Steinninn er um 2 x 3 m, og hæðin 0.8 m
Aðara upplýsingar: Steinninn er á á landamerkjum Víðimels og – áður Brekkuparts - nú Hofs, hans er getið í Landamerkjabréfi frá 1890
Hættumat: Merkjasteinninn er rétt við norðuhlið, lóðamarka á lóð 1, í fyrsta áfnaga.
Heimild: Örnefnaskrá, Víðimelur: Rósmundur G. Inngvarsson, mars 1998

5

Tegund minja:

Hlutverk:

Landareign:

Lega:

Staðhættir:

Lýsing:

Aðrar upplýsingar:

Hættumat:

Heimild:

Stólpi

Hliðstólpi

Víðimelur

N: 65°33119 V: 19°26185

Er sunnan við gamla veginn sem liggur að

Húseyjarkvísil

Hliðstólpinn er um um 0.25 m þykkur, 0.4 m á breidd og hæð 1 m. Hann er steinsteypur og hallar mjög til austurs.

Hliðstólpinn var steypur af Valdimar Guðmundssyni d. 1943 í Vallanesi, en steypiti mikið af hornstólpum og hliðstólpum.

Engin hætta af deiliskipulagðri frístunabyggð.

Viðtal við Hjalta Pálsson í júní 2001

6

Tegund minja:

Hlutverk:

Landareign:

Sérheiti:

Lega:

Staðhættir:

Lýsing:

Náttúruminjar/sögustaður

Útsýnisstaður

Víðimelur

Hestaþingshamar/Hestavígshamar

N: 65°32904 V: 19°26054

Niður undir brekkunni fyrir neðan Víðimel

Hamarinn er um 10-15 m hár og sést vel af flötunni sem er í norður frá honum, í vestur er brekka niður að hamrinum, áin, Húseyjarkvísl er að austan, og mólendi að sunnan.

Aðara upplýsingar:

Í ferð sinni um Ísland segir Kålund, í bók sinni sem var gefin út 1879.

Þegar komið er niður af Vatnsskarði er brátt komið að Víðmýri sem stendur undir hlíðinni. Þetta er mikill bær og taldist til höfðingjasetra á Sturlungaöld Tóft er hjá bænum og er hún talin minjar um virkið forna. Nálægt bænum er *Hestaþingshamar*, þar sem Skagfirðingar kusu Brand Kolbeinsson til höfðingja, þó er einnig austan til í hédraðinu bent á Hestaþingshamar (á Flugumýri) Kålund bls. 49

Frásagnir eru af Hestaþingshamri í Sturlunga sögu.

Þar segir í Þórðar sögu kakala, að eftir dauða Kolbeins unga.

Eftir það var fundur áttur að *Hestaþingshamri* Kom þar fjölmennt um héraðið og svo vestan um heiði. Var þá Brandur kosinn yfir allar sveitir þær er áður voru nefndar. Hafði hann tekjur allar af sveitunum þær er Kolbeinn hafði

áður haft og sauðtoll. Hafði hann þá bú mikið
að Stað og fjölmennt. bls. 531

Þá segir frá Gissuri Þorvaldssyni er hann hafði verið
skipaður höfðingi, yfir Norðlendingafjórðungi.

Var þá fundur stefndur fjölmennur að
Hestaþingshamri Voru þar lesin konungsbréf og
játtu allir fúslega að taka við Gissuri að
höfðingja yfir sig. bls. 568

Frásagnir eru líka af *Hestaþingshamri* í Þorgils sögu
skarða.

Þar segir frá Oddi Þórarinssyni, sem fór fyrir sveitum
Gissurar Þorvaldssonar.

Reið Oddur þá bráðlega norður til sveita og átti
fund að *Hestaþingshamri*. Hann sagði bóndum að
Gissur hefði beiddan hann að vera fyrir sveitum
meðan hann væri utan. Bændur kváðust það
gjarnan vilja og báðu hann vera sinn forstjóra.
En það réðist viku síðar að *Hestaþingshamri*.
Voru bændur ákafir mjög að Oddur væri
formaður þeirra.. bls. 657

Þá segir í frá fundi við *Hestaþingshamar*.

Laugardag, imbrudag um haustið reið Hrafn og
Eyjólfur í Geldingaholt, með sínum flokki og
Þorleifur með þeim, Þorgils og Sturla á Víðmýri,
Vigfús til Sæmundarhlíðar, Guðlaugur og
Seldælir, Auðun og Snórtur í Glaumbæ. Þá
sendu þeir Hrafn og Eyjólfur mann út til Hóla og
fundust þeir biskup og Hrafn og Eyjólfur niðri í
Hegranesi. Þá var fundur stefndur mánadag að
Hestaþingshamri.

Komu þar þá allir þessir fokka og margt
héraðsfólk. Þar kom og Heinrekur biskup.
Þorgils skarði gekk til tals við biskup og töluðu
tveir saman og þó skamma hríð. Þá stóð Þorgils
upp og segir alþýðu í hávaða að honum þótti
ekki efnt til við sig það er var heitið, að hann
skyldi setjast í Skagafjörð. Hrafn spurði
hverjum hann vildi það kenna. “Mest Eyjólfur”
segir Þorgils “hversu sem enn fara skipti vor
héðan af.” Eftir það var eytt flokknum.
bls. 662-663

Áin sem rennur austan við *Hestaþingshamar* í dag, hefur
gegnum tíðina breitt farvegi sínum, þar sem áinn rennur
núna, þar hefur sléttan umlukið hamarinn
Hestaþingshamar er um um 40 m frá lóðamörkum á lóð
14 í fyrsta áfanga

Hættumat:

Heimild:

Íslenzkir sögustaðir III, Norðlendingafjórðungur. P.E.
Kristian Kålund; Bókaútgáfan Örn og Örlygur hf. 1986.

Sturlunga saga. Árna saga biskups. Hrafns saga
Sveinbjarnarsonar hin sérstaka II. Ritstjóri Örnólfur
Thorsson; Svart á hvítu, Reykjavík 1988
Viðtal við Hjalta Pálsson í júní 2001

7

Tegund minja:	Tóft I
Hlutverk:	Fjárhús
Landareign:	Víðimelur
Lega:	N: 65°32913 V: 19°26067
Staðhættir:	Um 20 m í vestur frá miðjum Hestvígshamri, í smá slakka.
Lýsing:	Tóftin er mjög sigin og ekki gott að sjá hana. Hún er Grasigróin, um stærðin er 5 x 4 m, hleðsluhæð 0.2 m veggjaþykkt mjög óljós en 1-2 metrar, enn rennur saman við landið í kring að hluta.
Aðara upplýsingar:	Ekki hafa fundist heimildir um fjárhús á þessum stað. Á milli tóftar I og II eru 1.5 m
Hættumat:	Tóftin er um 20 m frá lóðamörkum nr. 14 í fyrsta áfanga
Heimild:	Örnefnaskrá, Víðimelur: Rósmundur G. Inngvarsson, mars 19989

8

Tegund minja:	Tóft II
Hlutverk:	Fjárhús?
Landareign:	Víðimelur
Lega:	N: 65°32913 V: 19°26067
Staðhættir:	Um 20 m í vestur frá miðjum Hestvígshamri, í smá slakka.
Lýsing:	Tóftin er mjög sigin og ekki gott að sjá hana. Hún er Grasigróin, um stærðin er 5 x 5 m, hleðsluhæð 0.2 m veggjaþykkt mjög óljós en 1-2 metrar, enn rennur saman við landið í kring að hluta. Í miðri tóftinni mótar fyrir smá lægð, gólfi.
Aðara upplýsingar:	Ekki hafa fundist heimildir um fjárhús á þessum stað. Á milli tóftar I og II eru 1.5 m
Hættumat:	Tóftin er um 20 m frá lóðamörkum nr. 14 í fyrsta áfanga
Heimild:	Örnefnaskrá, Víðimelur: Rósmundur G. Inngvarsson, mars 1998

9

Tegund minja:

Hlutverk:

Landareign:

Lega:

Staðhættir:

Lýsing:

Aðara upplýsingar:

Hættumat:

Heimild:

Tóft III

Fjárhús?

Víðimelur

N: 65°32900

V: 19°26060

Frá Hesatavígshamri í vestur og tóftum I og II um 20 m í suður.

Tóftin er mjög sigin, það mótar fyrir inngangi á suðurhlið tóftarinnar, stærð 5 x 5 m, veggjahæð 0.2 m, veggjaþykktum 1 – 2 m, þar sem þeir sjást, annars renna veggirnir saman við landið í kring. Út frá tóftinni í suður sést móta fyrir veggjahleðslum, sá ausari um 6 m og sá vestari um 3 m

Ekki hafa fundist heimildir um fjárhús á þessum stað. Tóftin er um 20 m frá lóðamörkum nr. 14 í fyrsta áfanga Örnefnaskrá, Víðimelur: Rósmundur G. Inngvarsson, mars 1998

10

Tegund minja:

Hlutverk:

Landareign:

Sérheiti:

Lega:

Staðhættir:

Lýsing:

Aðara upplýsingar:

Hættumat:

Heimild:

Vegur/leið

Póstvegur

Víðimelur

Póstvegur

N: 65°32897

V: 19°26084

Liggur niður brekkunna frá Víðimel neðan þjóðvegur, og liggur í suð-austur niður að Húseyjarkvísl. Póstvegurinn er 2 – 2.5 m breiður, og er nokkuð vel sýnilegur niður brekkuna

Póstvegurinn lá niður að Húseyjarkvísl, sunnan við Hestaþingshamar og yfir ána og áfram á hinum bakkanum.

Póstvegurinn lá frá suðurhlið Víðimels niður brekkunna í suð-austur að Húseyjarkvísl. Við Víðimel er hann horfin og þar sem hann hefur legið þvert yfir þjóðveginn. Vegurinn niður brekkuna neðan þjóðvegarins er fremur óljós. Sést þó móta fyrir honum yfir lóðir 6 og 9. Liggur síðan yfir götu sem er á skipulagi sem lóðir nr. 10, 12 og 11 eru við, liggur síðan yfir lóð nr. 14 og er einna skýrastur yfir þá lóð, og frá þeim lóðamörkum er hann í suð-austur Örnefnaskrá, Víðimelur: Rósmundur G. Inngvarsson, mars 1998

11

Tegund minja:	Vegur
Hlutverk:	Þjóðvegur
Landareign:	Víðimelur
Lega:	N: 65°33065 V: 19°25058
Staðhættir:	Rétt við vestari enda brúarstöpsuls yfir Húseyjarkvísl.
Lýsing:	Það eru nokkrir metrar vegar sem tilheyra Víðimel, það sem er næst brúarstöplinum.
Aðara upplýsingar:	Vegurinn byggður 1928, um leið og brúin var byggð
Hættumat:	Vegarbúturinn er ekki í hættu vegna deiliskipulagðri frístunabyggð.
Heimild:	Viðtal við Rósmund G. Inngvarsson í maí 2001

Niðurstöður.

Samkvæmt skipulgasupprætti sem var samþykktur 2001, hafði ekki farið fram nein skipulögð skráning á fornleifum í landi Víðimels.

Aldur minja.

Minjar þær sem skráðar voru eru allt frá því að vera frá fyrri hluta 20. aldar, (nr. 1, 2, 11, 5).

Síðan eru eldri minjar sem erfitt er að aldursgreina svo sem tóftir þær sem eru á svæðinu, (nr. 7, 8, 9) en þær gætu verið mjög gamlar, þær eru mjög signar og óljósar, um þær eru engar heimildir.

Nafnið Hestaþingshamar (nr. 6) kemur oftast en einu sinni fyrir í Sturlungu, bæði í Þórðar sögu kakala og Þorgils sögu skarða. Nafnið og staðurinn á því rætur í skrifuðum heimildum frá 13. öld.

Landamerkjasteinn (nr. 4) Hans er getið í Landamerkjabréfi frá 1890

Póstvegurinn gamli (nr. 10) sem svo er nefndur hefur þjónað mikilvægu hlutverki í gegnum tíðina, án þess að hægt sé að greina aldur hans með neinni vissu, en hann hefur þjónað sem hluti af samgönguleiðum byggðarinnar, áður en að vegagerð hefur hafist.

Við fornleifaskráningu svæðisins kom í ljós að þar voru fornleifar sem eru nokkuð nærri fyrirhugaðri, deiliskipulagðri frístunabyggð.

Tóftir (nr. 7, 8, 9) sem eru vestan við Hestaþingshamar, þær eru í um 20 m. fjarlægð frá lóðamörkum á lóð nr. 14, og um 50 m frá lóð nr. 13

Hestaþingshamar (nr.6) sem er í um 40 m fjarlægð frá lóðamörkum á nr. 14, og um 50 m frá lóð nr. 13

Póstvegurinn gamli (nr.10) sem liggur í gegnum skipulagða sæðið, hann er best varðveittur þar sem hann liggur í gegnum lóð nr. 14

Merkjasteinn (nr.4) er við norðuhlið á lóðamörkum, á lóð nr. 1

Að auki er Brunnur (nr.1) aflagður fyrir Löngumýri, er hann við vestur hlið byggingareits á lóð nr. 4

Samantekt:

Á og við lóð nr. 14 eru fornleifar sem ekki ætti að ganga of nærri, vegna varðveislugildis þeirra, þar er sögustaðurinn Hestaþingshamar, tóftir I, II og III og best varðveitti hluti póstvegarins gamla, sem liggur í gegnum þessa lóð. Það væri því æskilegt að lóð nr. 14 yrði óbyggð.

Brunnurinn sem er við byggingareit á lóð nr. 4, mætti hugsanlega nota sem geymslu eða eitthvað slíkt sem gæti þá tilheyrt væntanlegri byggingu á lóðinni, og þyrfti því ekki að hverfa.

Fornleifaskrá

1	Brunnur
2	Brúarstöpull
3	Garður / Vörslugarðu
4	Landamerjasteinn/Náttúruminjar
5	Stólpi / Hliðstólpi
6	Sögustaður / Náttúruminjar Útsýnisstaður
7	Tóft I
8	Tóft II
9	Tóft III
10	Vegur / leið Póstvegur
11	Vegur / Þjóðvegur